Ed. **799. Frumvarp**

til laga um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón bæjarverkfræðingsins, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Má í þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt í göturæsið. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseigenda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum.

Lóðareigendur skulu greiða:

A. $2^1/_2{}^0/_{00}$ af fyrstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverði húseigna, sem standa á lóð þeirra.

$2^0/_{00}$ af næstu 10,000 krónum af brunabótavirðingarverðinu.

$1^0/_{00}$ af þeirri upphæð er brunabótavirðingarverðið fer yfir 20,000 krónur.

Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sé eldra hús rifið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

B. 45 aura fyrir hvern meter af lengd lóða þeirra meðfram götu, þó því að eins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist, þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsi hafa verið lögð í áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni.

3. gr.

Steinlímdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstéttir skulu kostaðar að $^2/_3$ úr bæjarsjóði en að $^1/_3$ af þeim, sem lóðir eiga, er teljast til götunnar þeim megin, sem gangstéttin er.

Kostnaði þeim, sem lóðareigendum ber að greiða, skal jafnað niður fyrir götu hverja eða þann hluta götunnar, sem gangstétt hefir verið lögð í, eftir lengd lóðanna með fram götunni.

4. gr.

Kröfur þær, er bæjarstjórnin fær á hendur lóðaeigendum og húseigendum samkvæmt 1. og 2. gr., eru tryggðar með veðrétti í húseignunum og hefir sá veðréttur forgangsrétt fyrir öllum veðskuldum eftir samningi. Bæjarstjórnin getur veitt alt að 10 ára gjaldfrest á kröfum þessum, enda greiði skuldunautur þá alt að 5% ársvexti.

5. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir látið gera steinlimda, hellulagða eða aðra jafnvandaða gangstétt, skal sérhverjum lóðareiganda skylt að láta daglega hreinsa af stéttinni fyrir lóð sinni út á götuna, samkvæmt reglum, er gefnar verða í lögreglusamþykt bæjarins. Sé þetta vanrækt, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað lóðareiganda og sæti hann að auki í almennu lögreglumáli 5—10 kr. sekt fyrir vanræksluna, er renni í bæjarsjóð, enda hafi hann áður tvívegis sætt aðvörun fyrir vanrækslu á því almanaksári.

6. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sér sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans og má fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma það.

Til þess að standast straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, má leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sé hún miðuð við það, hve oft er hreinsað. Húseigandi greiðir gjaldið.

7. gr.

Allar kröfur og gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.